

**134. fundur skólanefndar ME  
haldinn 31. jan. 2017 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans**

**Mættir skólanefndarmenn:** Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir og Ragnhildur Rós Indriðadóttir ásamt varamönnunum Kjartani Glúmi Kjartanssyni og Halldóri B. Warén. Gauti Jóhannesson og Esther Gunnarsdóttir boðuðu forföll.

**Mættir áheyrnarfulltrúar:** Ísar Tandri Hlynsson f.h. nemenda, Hlynur Ármannsson f.h. kennara og Steinunn Snædal f.h. foreldra.

**Jafnframt sátu fundinn:** Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

**DAGSKRÁ:**

1. Staðfesting fundargerðar nr. 133
2. Gangurinn í skólastarfinu
3. Fjármál framhaldsskólanna –fjárhagsáætlanagerð fyrir 2017
4. Vorönn 2017 – helstu mál, kennrararáðningar o.fl.
5. Fardagar 2017
6. Önnur mál.
  - a. Félagsstörf nemenda
  - b. Málefni styrktarsjóða
  - c. Næsti fundur

*Skúli Björn setur fund um kl. 17.00 og gengið er til dagskrár.*

**1. Staðfesting fundargerðar nr. 133**

Búið var að samþykka fundargerð 133. fundar í tölvupósti og var hún staðfest með undirritun á fundinum.

**2. Gangurinn í skólastarfinu**

Árni Óla lýsir ganginum í skólastarfinu. Það hefur farið vel af stað á vorönn og t.a.m. gengið ágætlega að manna stöður.

Mikið hefur boríð á veikindum í byrjun annar og mætingar nemenda verið fremur slakar. 234 nemendur eru skráðir í dagskóla á vorönn sem er talsvert færra en á haustönn líkt og venja er.

Árni segir frá ferð hans og Magnúsar Þórhallss á Bett ráðstefnu í London. Þar skoðuðu þeir ýmsar nýjungar sem gætu gagnast í skólastarfinu.

Von er á aðila frá Nýherja í heimsókn í ME á næstunni til að kynna nýjar tæknilausnir í skólastarfi.

Rædd hefur verið hugmynd innan skólans um breytta ásýnd prófadaga á vorönn. Hún felur það í sér að hver spönn endi á námsmatsdögum/uppskerudögum þar sem nemendum er gert að mæta til síns kennara í einhvers konar námsmat. Matið getur falist í munnlegu prófi, hlutaprófi, lokaprófi, endurgjöf vegna ritgerðar,

HBW  
JZL  
ASB

verklegum æfingum, sjálfsmati, jafningjamati, samtölum o.s.frv. allt eftir því hvernig kennarinn leggur það upp. Stundaskrá þessara daga yrði þannig að hver hinna fimm „blokka“ stæði yfir í hálfan dag, s.s. blokk 1 fyrir hádegi og blokk 2 eftir hádegi á degi eitt. Rætt hefur verið um að gera tilraun með þrjá slíka daga um næstu spannaskil (hver blokk einu sinni) en fimm daga í maí (hver blokk tvívar sinnum).

Eftir er að leggja hugmyndina fyrir skólaráð og í umsögn kennarafundar. Líta mætti á hana sem jöfnunartæki þar sem tiltölulega fáum áföngum lýkur með lokaprófi eins og staðan er í dag. Þarna myndi öllum áföngum ljúka á sambærilegan hátt. Að þessu leyti má telja má að þetta fyrirkomulag yrði til bóta.

### **3. Fjármál framhaldsskólana –fjárhagsáætlanagerð fyrir 2017**

Frá því skólanefnd fundaði síðast er Árni búinn að fara á vel heppnaðan fund í menntamálaráðuneyti um fjármál skólans. Hann varpar upp leiðrétttri rekstraráætlun skólans fyrir árið 2017. Leiðréttting fólst m.a. í því að taka þurfti tillit til kostnaðar vegna starfsmanna sem leysa þá af sem fara í launað leyfi næsta haust.

Árið 2016 endaði í um 3 milljóna króna afgangi. Áætlun yfirstandandi árs gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður fari úr um 490 milljónum í 519 milljónir og að rekstrarrafkoma ársins verði um 11,5 milljónir en skólinn fær ágæta hækjun á fjárlögum miðað við það frumvarp sem afgreitt var frá alþingi fyrir jól.

Árni greinir frá því að margir skólar hafi lent í hremmingum varðandi reksturinn undanfarin ár en eitthvað virðist vera að birta til í rekstri bóknámsskóla. Það á hins vegar síður við um verknámsskóla.

Árni sýnir áætlun um tekjur og gjöld 2017-2019, en það er nýnæmi að skila inn þriggja ára áætlun. Áætlunin sýnir stíganda í tekjum og gjöldum. Gert er ráð fyrir að rekstrarrafkoma ársins 2018 verði tæpar fimm milljónir og rekstrarrafkoma ársins 2019 rúmlega 1,6 milljónir.

Árni varpar upp Stefnu ME, A-hluta, til þriggja ára og útskýrir það í nokkrum orðum. Sú krafa var gerð af hálfu ráðuneytis að stúdentsbrautir yrðu skilgreindar sem þriggja ára brautir og texta í skjalinu breytt í samræmi við það. Stefnuskjalið fékk jákvæðar undirtektir skólanefndarfólks. Það verður áfram í stöðugri þróun. Meðal þess sem var rætt á fundi með ráðuneyti var umönnunarbraut ME og ástæður þess að hún var ekki samþykkt.

#### **4. Vorönn 2017 – helstu mál, kennararáðningar ofl**

Árni greinir frá stöðunni í starfsmannaráðningum. Dagur Skírnir hélt áfram kennslu félagsgreina eftir áramót. Hann var ráðinn til skólans sl. haust í veikindaleyfi Jóns Inga.

Nanna Halldóra fór í fæðingarorlof um áramót og Katrín María og Sigrún Harðar sinna námsráðgjöf í hlutastörfum á vorönn. Auk þess kennir Sigrún Harðar sálfræði daglegs lífs ásamt Sigrúnu Yrju.

Björn Gísli og Marianna Jóhanns fengu launað ársleyfi næsta vetur og ráða þarf í þeirra störf.

Hildur Bergsdóttir var eini umsækjandinn í auglýst starf félagsráðgjafa við skólann. Hún hefur verið ráðin í 75% stöðu frá og með 1. mars, þ.e. frá því að Sigrún Yrja hættir.

Skúli spyr um stöðuna í geðheilbrigðismálum og Árni svarar því til að auglýst hafi verið eftir sálfræðingi í samstarfi við HSA án árangurs en áfram verði unnið að því að leita lausna í þeim málum.

Ragnhildur Rós upplýsir að Hrönn Garðarsdóttir hjá HSA hefur kallað eftir fundi um geðrænan vanda ungmenna miðvikudaginn 8. febrúar. Vel hefur verið tekið í fundarboðið enda er málefnið mikilvægt.

#### **5. Fardagar 2017**

Í skólanum er starfandi hópur um skipulagningu Fardaga, en þeir taka við af Opnum dögum. Dagarnir eru samstarfsverkefni aðila Fjarmenntaskólans og er gert ráð fyrir því að nemendur skólanna geti í einhverjum mæli sótt viðburði hver hjá öðrum. Í ár verða dagarnir í ME tileinkaðir sjálfbærni og heilsu. Lagt er upp með það að nemendur sem sækja námskeið í þrjá daga, hvort heldur er þrjú dagsnámskeið eða eitt briggja daga, fái metna einingu fyrir vinnu sína.

Lóa listgreinakennari stendur fyrir fimm spennandi námskeiðum í Slátturhúsinu á Fardögum undir nafninu Listmenntun til sjálfbærni. Leiðbeinendur námskeiðanna eru fyrrverandi nemendur ME eða fólk sem hefur tengsl austur. Námskeiðin eru fjármögnuð með styrk úr Sprotasjóði.

Bindindisfélag ME fer í menningarferð til Rómar með u.p.b. 25 nemendur á sama tíma. Dagur Skírnir mun fylgja hópnum þangað. Skúli minnir á að passa þurfi upp á að hafa öll formsatriði í lagi hjá nemendum undir 18 ára.

Meðal annarra mögulegra námskeiða er eldsmíði, vattarsaumur, námskeið á vegum HSA, fjallgöngur, leirlist, jóga o.fl. Mögulega verður haft samstarf við Hússtjórnarskólann á Hallormsstað.

Skúli nefnir stöðu Hússtjórnarskólans á Hallormsstað, en í fyrsta sinn er ekki skólahald þar á vorönn vegna lítillar aðsóknar.

## 6. Önnur mál

### a. Félagsstörf nemenda

ME sigraði MS með glæsibrag í fyrstu umferð Gettu betur keppninnar. Halldór hefur orð á því að ME-ingar hafi mætt niður vel í RÚV og hvatt liðið. Stefán Bogi hefur verið endurráðinn þjálfari liðsins.

Barkinn er dagsettur 24. mars. Ísar Tandri segir frá því að formaður Tónlistarfélags ME hafi hætt í skólanum um áramót og því hafi Barkinn tafist. Tímasetning Fardaganna hafi einnig áhrif. Einig kunni það að spila inn í að söngkeppni framhaldsskólanna sé ekki á dagskrá í ár og því enginn þrýstingur á að klára Barkann fyrir ákveðinn tíma.

Von er á fulltrúum frá Félagi ungra umhverfissinna í heimsókn en þeir munu halda fyrirlestur fyrir nemendur og færa hverjum og einum fjölnota poka.

Ísar nefnir að félagsstarfið gangi vel. Mæting í íþóttahúsið hafi þó verið dræm að undanfornu.

Árni nefnir að sett hafi verið upp tónstofa í skólanum í haust og þeir sem noti hana beri henni vel söguna.

Búið er að setja á fót nefnd um Ausfirsku ólympíuleikana. Hún samanstendur af aðilum frá ME, FAS og VA. Verið er að tala um að hafa þetta á sama tíma og lokaball án þess að það hafi verið ákveðið, hugsanlega snemma í maí.

Skúli spyr um stöðuna í leikriti skólans. Frumsýna á Ronju ræningjadóttur vikuna eftir fardaga. Æfingar standa yfir undir leikstjórn Írisar Lindar og má reikna með fjörugri sýningu.

### b. Málefni styrktarsjóða

Skúli greinir frá því að Skólasjóður hafi rýrnað á árinu og standi nú í 27,8 milljónum. Menningarsjóður prófastshjónanna á Hofi stendur í 5,1 milljón.

Árni hefur sent erindi til sýslumanns á Sauðárkróki um hvort sameina megi sjóði skólans og skipulagsskrár þeirra og haga málum þannig að hægt sé að nota þá, sem er illgerlegt í dag þar sem úthlutun er bundin við ávöxtun sjóðanna. Beðið er svara sýslumanns.

Skúli nefnir þann möguleika að boða til aukafundar um málefni sjóðanna áður en skipunartíma núverandi skólanefndar lýkur og eru nefndarmen hlynntir því.

### c. Fundur ME og VA

Skúli hefur heyrt í skólanefndarformanni VA og er í undirbúningi að skólameistarar og skólanefndarformenn ME og VA fundi fljótlega, líklega í febrúar.

**d. Næsti fundur**

Samkvæmt fundadagskrá er næsti fundur áætlaður 11. apríl. Ekki er ólíklegt að búið verði að skipa nýja skólanefnd fyrir þann tíma. Ef sérstök mál koma upp, s.s. vegna styrktarsjóða skólans, kann að verða boðað til aukafundar. Annars má gera ráð fyrir því að þetta sé síðasti fundur starfandi skólanefndar.

*Fleira ekki rætt. Skúli Björn slítur fundi kl. 18:15.*

*Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.*

*Skúli Björn  
Hallbjörn B. W.  
Anna Björk*

